

**Nd.**

**536. Frumvarp til laga**

**[125. mál]**

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala í samræmi við það):

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kaupstúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árstímum eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þó krafizt þess, að forráðamenn samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu samkvæmt þessari grein.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.